

um yðar, herra amtmaðar, í brjefi dagsettu 25. marz þ. á., meðmælum hlutað- **45**
 eigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Þóroddstaðahreppi í Eyjafjarð- **2. maí**
 arsýslu, vil jeg hjermeð veita samþykki til þess, að þingstaður umgetins hrepps
 sje fluttur frá Þóroddstöðum að Hornbrekku, gegn því að hreppsnefndin annist
 um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um sölu **46**
kirkjujarðar Mjóafjarðarhrepps. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir í brjefi, **7. maí**
 dagsettu 26. f. m., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 25. s. m.
 allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess að hálf jörðin
 Hafrafell í Fellahreppi, sem heyrir undir Mjóafjarðarprestakall, verði seld frá
 prestakallinu fyrir 2200 krónur í minnsta lagi, með því skilyrði, að söluandvirðið
 skuli haldast sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og sje
 varið til að kaupa fyrir bankavaxtabrjef veðdeildar landsbankans, og njóti
 beneficiarius aðeins vaxtauna þaraf, en að nefnd hálfenda verði framvegis
 skoðuð sem bændaeign, að því er alla skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, herra amtmaður, og yður, herra biskup, til vitundar gefið
 með skírskotun til brjefs yðar frá 20. nóvember f. á., yður til leiðbeiningar og
 frekari ráðstöfunar, að því viðbættu, að bankavaxtabrjef þau, er keypt verða
 samkvæmt þessu, skulu útbúna áritun stiptsyfirvaldanna um það, að brjefin eigi
 megi afhendast frá prestakallinu.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um presta- **47**
kallalán, handa Sauðlauksdalsprestakalli. Samkvæmt tilögum yðar, **4. júní**
 herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 26. f. m., og beiðni
 hlutaðeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn að
 Sauðlauksdal, sjera Þorvaldur Jakobsson, taki 2500 kr. embættislán upp á presta-
 kallíð, til þess að byggja á prestssetrinu tvíloftað íbúðarhús, sem sje 12
 × 12 álnir utanmáls og að öðru leyti með því fyrirkomulagi, sem nákvæmara
 er tiltekið í nefndu brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu. — Húsið,
 sem skal verða eign prestakallsins, skal jafnan vera í eldsvoðaabyrgð fyrir
 minnst 3000 kr., og skal presturinn skila því á sínum tíma í gildu standi eða með
 fullu álagi. En þegar það er upp komið, falli niður af núverandi bæjarhúsum:
 baðstofa með stofu undir lopti, anddyri, göng, búrhús og eldhús, og ennfremur and-
 virði seldra hjáleiguhúsa í Dalshúsum, 39 kr. Síðari helmingur láns þessa skal þó
 eigi útborgast lántakanda fyr en áreiðanlega er sannað, að húsið sje fullgert og
 fullnægi settum skilyrðum. Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum
 bundið, að lánið endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum í lengsta lagi á

47 25 árum samfleytt frá lántökudegi að telja og að lánið sje fengið með svo vægum 4. júní vaxtakjörum, sem unnt er.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að lán þetta getur eigi orðið veitt úr landssjóði.

48 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um prestakallalán, handa Vestmannaeyjaprestakalli.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 28. f. m., og beiðni hlutað-eiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn í Vestmannaeyjum, sjera Oddgeir Gudmundsen, tæki 1200 kr. embættislán upp á prestakallið til að endurreisa íbúðarhús prestakallsins, með þeirri stærð og í því formi, sem gjört er ráð fyrir í brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu. Þriðjungur láns þessa skal eigi borgast lántakanda fyrri en áreiðanlega er sannað, að húsið sje fullgert og fullnægi hinum settu skilyrðum. Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með jöfnum árlegum greiðslum í lengsta lagi á 24 árum auk vaxta, og að lánið sje fengið með svo vægum vaxtakjörum, sem unnt er.

Jafnframt því að tjá yður þetta til leiðbeiningar og frekari birtingar, skal það tekið fram, að jeg sje mjær ekki fært að veita lán þetta úr landssjóði.

49

29. apríl

Samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886, um breyting á tyrnefndum lögum, gjört og hjeradsfundur þær fallizt á eptirfylgjandi:

Samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu.

1. gr.

Í febrúarmánuði skal eigi róið til fiskjar á nóttu fyr en kl. 4, frá 1.—20. marzmánaðar eigi fyr en kl. 3, frá 20. marzmánaðar til 20. aprilmánaðar eigi fyr en kl. 2 og frá 20. aprilmánaðar til vetrarvertíðarloka eigi fyr en kl. 1 f. hádegi.

2. gr.

Á hverju vetrarvertíðarskipi skulu ávallt, er út er róið til fiskjar, vera að minnsta kosti 8 pottar af lýsi eða olíu, og sömuleiðis áreiðanlegur kompás. Formaður hefir ábyrgð á því, að þessa sje gætt.

3. gr.

Formenn skulu gæta þess, að leggja ekki á »Leiðina« of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Ef nokkuð er að »Leiðinni«, má eigi leggja